



Kennari:	Ægir Pétur Ellertsson	Sk.st.	ÆE
-----------------	------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Nemendur þjálfaðir í lestri ætluðum enskumælandi fólki, og vinni úr og skili á margvíslegu formi. Unnið verður áfram með alla færniþætti þ.e. lestur, hlustun, ritun, tal/samskipti. Aukin áhersla á að nemendur tjái sig frjálst og óbundið. Áhersla lögð á að byggja upp og auka við hagnýtan orðaforða með margvíslegum æfingum á öllum færnisviðum. Í skriflega þættinum er gerð krafa um flóknari setningaskipan, nákvæmari orðaforða og skipulegri framsetningu en í fyrri áfanga.

Undanfari: a) B+ að loknum grunnskóla

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- ✓ orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða,
- ✓ helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- ✓ ...lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvernig gerðar textinn er,
- ✓ ...að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið,
- ✓ ...að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ✓ ...skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna, jafnvel um tiltölulega flókið efni, ef hann þekkir vel til þess,
- ✓ ...tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt,
- ✓ ...lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra,
- ✓ ...lesa á milli línanna, átta sig á dýpri merkingu í texta,
- ✓ ...geta útskýrt sjónarmið varðandi efni sem er ofarlega á baugi og rakið ólík sjónarmið með og á móti,
- ✓ ...skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig,
- ✓ ...skrifa læsilega texta um sérvalið efni frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín,

Námsefni:

- **ENSK2OL05 -Academic Word List – Vorönn - chapters 6-9** (ljósrit – fæst á skrifstofu)
- Ýmist lesefni og verkefni í Moodle námsumhverfinu (smásögur og fleira)
- Mark Haddon. **A Curious Incident of a Dog in the Night-Time** (skáldssaga)
- Góð ensk-ensk eða ensk-íslensk **orðabók** (á pappír eða á netinu.)
- Þunn tveggja gata plastmappa til að halda utan um verkefni annarinnar.

EFNISYFIRFERÐ

Áfanginn er símatsáfangi og þess vegna er mikilvægt að vinna jafnt og þétt yfir önnina. Haltu til haga öllum gögnum. Hluta þeirra skila nemendur í verkefnamöppu annarinnar. Það er ekki lokapróf í áfanganum, en ýmis áfangapróf yfir önnina.

- **Academic Wordlist heftið** verður unnið og áhersla verður lögð á að byggja upp sérhæfðari orðaforða. Þekking á efni kaflanna verður könnuð í prófum með reglulegu millibili.
- **Lesefni í Moodle** Þetta eru smásögur og textar af ýmsu tagi sem nemendur lesa heima eða í tíma og vinna verkefni úr.
- Skáldssöguna „**A Curious Incident of a Dog in the Night-Time**“ lesa nemendur heima og vinna með hana í tíma. Meðal verkefna eru styttri verkefni, umræður, skrifleg verkefni og munnlegt próf.
- Á önninni glíma nemendur við ýmis ritunarverkefni tengd ofangreindu efni og öðru.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil: sjá yfirlit í áfanganum í Moodle.

Sérreglur áfangans: Nemendum sem mæta bókalausir, eða ekki með þær bækur sem á að nota hverju sinni, verður vísað úr tímum og þeir skráðir fjarverandi í Innu. Eins er ætlast til að nemendur fylgist reglulega með upplýsingum í Moodle.

Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema lögleg forföll (L, V eða W í Innu) komi til. Nemendur sem missa af prófum og eru löglega afsakaðir (L/V/W í Innu) þreyta þau í lok annar. Athugið að þessar reglur **gilda um alla nemendur áfangans.**

Nemendur sem eru fæddir 1997 eða fyrr ganga frá samningi við kennara um mætingar og verkefnaskil í upphafi annar.

NÁMSMAT

Skilaskylda er á öllum verkefnum og prófum þar sem um símatsáfanga er að ræða.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Academic Wordlist	Próf úr öllu heftinu í apríl	20%
Munnlegt verkefni	Í tengslum við verkefni unnið á önninni	5%
Hópverkefni	Vinna með veftímarit	10%
Munnlegt próf	Úr skáldssögunni Curious Incident of a Night-Time (apríl)	5%
Tímaritgerð	Ritun tengd Curious Incident of a Night-Time	5%
Skriflegt próf	Próf úr efni skáldssögunnar	10%
Annað	Próf úr öllum smásögnum	5%
Verkefnamappa	Sem inniheldur valin verkefni - skilað undir lok annar og inniheldur t.d.: ritanir, greinalestur, smásagnaverkefni, Academic Wordlist heftið, ofl	40%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Fjölbrautaskóla Suðurlands, 3. janúar 2017.

Ægir Pétur Ellertsson / Guðfinna Gunnarsdóttir
Kennari / kennslustjóri